



Faghópur II

Fundargerð 13. fundar

Orkugarði 3. september 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Friðrik Dagur Arnarsson úr verkefnisstjórn.

Forföll: Sveinn Runólfsson og Rögnvaldur Ólafsson

Fundarfrásögn:

- 1. Fundargerðir síðustu** funda voru samþykktar. Um var að ræða fundargerðir frá fundum 15. maí, 4. júní, 18. júní og 25. júní.
- 2. Vettvangsferð um Norðurland.** Ítrekuð var ósk um að faghópurinn héldi í 2ja daga vettvangsferð um Norðurland með áherslu á Skagafjörð, Gjástykki og Þeistareyki. Formaður sagði að hugmyndin hefði fengið dræmar undirtektir vegna fjárskorts. Friðrik Dagur tók að sér að kanna hvernig draga megi sem kostur er úr ferðakostnaði með samvinnu við heimamenn nyrðra og samþykkt var að stefna á dagana 24.-25. september ef af verður. Í þessu sambandi komu fram gagnrýnisraddir á vettvangsferðina um V-Skaftafellssýslu og hálendið 23.-25. ágúst í þá veru að skort hefði að sjónarmiðum ferðaþjónustu og útivistar hefði verið haldið fram.
- 3. Tímappressa.** Fram kom gagnrýni á þá stefnu að halda skuli tímaramma til streitu. Friðrik Dagur benti á að flokksráðsfundur VG hefði ályktað að gefa beri rammaáætlun meiri tíma, t.d. 1 ár, til að tóm gefist til að afla frekari gagna. Formaður upplýsti að mögulega verði skilafrestur faghópa færður aftur um allt að mánuð (til 1. nóv) en vissi ekki betur en skilafrestur verkefnisstjórnar stæði óbreyttur um áramót. Einnig var fundið að því að verið væri að undirúa kynningarfund á aðferðafræði sem væri langt í frá fullmótuð. Rætt var vítt og breytt um hagsmunum faghópsins gagnvart hagsmunum orkufyrirtækja.
- 4. Aðferðafræði vegna hlunninda.** Jóhannes kynnti drög að aðferðafræði við mat á hagsmunum hlunninda og beitar. Aðferðafræðin er m.a. byggð á nálgun frá 1. áfanga. Helst að endurskoða beri undirviðföng og vogtölur. (Sjá skjámyndakynningu Jóhannesar með fundargerð á vinnusvæði faghóps 2 á heimasíðu rammaáætlunar.)
- 5. Þóknun.** Rætt var um þóknun fyrir þá vinnu og þann tíma sem meðlimir hópsins leggja fram. Kom fram sú skoðun að þar væri skorinn mjög þröngur stakkur því þessi vinna – þó skemmtileg og spennandi væri - væri mjög tímafrek.
- 6. Myndir frá Torfajökulssvæðinu.** Ólafur sýndi nokkrar myndir frá Torfajökulssvæðinu, m.a. frá Háuhverum.
- 7. Næstu fundir.** Næsti fundur verður haldinn fim 10. sept. kl. 8:30 á Orkustofnun. Þá munu fundir færðir yfir á miðvikudagana 16., 23. og 30. sept. kl. 16:00 með lengri fundarsetu.